

FUNDARBOÐ - FRÆÐSLUFUNDUR ÞANN 6. OKTÓBER KL: 20:00

HEILSULÆSI Í ÞÍNA ÞÁGU

Hvernig getur þú lesið í þína eigin heilsu og gert breytingar á þínum lífsstíl svo þú verðir besta útgáfan af sjálfum þér ? Björn Hermannsson félagi í CCU samtökunum og heilsumarkþjálfari mun ræða við okkur um ýmsar hliðar IBD af eigin reynslu, benda okkur á gagnlegar upplýsingar um sjúkdómna og svara spurningum úr sal eftir fyrirlesturinn.

Fundurinn verður í sal Vistor, Hörgatúni 2 Garðabæ og hefst hann kl: 20:00. Kaffi og meðlæti í boði, allir velkomnir.

FRÉTTIR FRÁ TAMPERE

UNGLIÐARNIR OKKAR

Tinna Torfadóttir og Raketl Yr Aðalsteinsdóttir skelltu sér á EYM (EFCCA Youth group Meeting) í Tampere í Finnlandi frá 16. til 19. júlí í sumar. Þær dvöldu á hótelinu Scandic Hotel Rosendahl.

Dagskráin yfir helgina var þétt setin og var hún blanda af fundum og hópefli. Fundirnir snérist að mestu leiti um hvað er hægt að gera til að auðvelda börnum að verða fullorðnir einstaklingar í heilbrigðiskerfinu. Rætt var um hvað ungu fólki finnst um skiptin við að fara frá meltingarsérfræðingi sem sérhæfir sig í börnum og yfirgefa allt það teymi sem börn hafa á barnspítalanum, yfir í að vera fullorðin og hafa einungis meltingarsérfræðing sér til aðstoðar. Skiptst var á hugmyndum um hvernig mætti auðvelda þetta ferli fyrir börnin, frá því að hafa foreldra hjá sér yfir nótt, hafa sitt teymi sem er lækni, hjúkrunarfræðingur, sálfræðingur o.fl., yfir í að hafa einungis lækni og ef þú liggur á sjúkrahúsi ertu einn/ein. Einnig var rætt um það hvað samtökin geta gert til að laða til sín unga meðlimi. Flest samtök eiga við sama vandamálið, að unga fólkið sem er nýgreint vill ekki skrá sig í samtökin og það er hlutur sem félögin vilja reyna að breyta. Ferðin snerist þó ekki bara um fundi heldur einnig hópefli. Á föstudagskvöldinu var farið niður að vatni sem kallast "Pyhäjärvi" eða "Heilaga vatnið" og borðað saman kvöldverð, farið í sánu, stokkið í vatnið og synt. Á laugardegnum var farið í útsýnisferð um Tampere og um kvöldið var gala kvöldverður á veitingastað í bænum. Eftir matinn var ferðinni heitið í miðbæ Tampere og dansað þar fram á rauðanótt. Stelpurnar skemmtu sér gríðarlega vel úti og komu reynslunni ríkari heim. Þær stefna á að nýta þær upplýsingar sem þær fengu úti til að bæta ungliðahópinn hér heima.

Tinna og Raketl Yr



FRÉTTIR

HLAUPARAR !



Reykjavíkummarabonið er ný afstaðið og þetta árið hlupu 15 manns fyrir félagið. Það er lang fjölmennasti hópurinn síðan samtökin voru fyrst skráð á góðgerðarlistann árið 2013. Reyndar var fyrst hlaupið fyrir CCU árið 2007 er þáverandi gjaldkeri reimaði á sig hlaupaskóna og hljóp 10 km.

Met var líka sett í styrktarsöfnuninni þetta árið því alls safnaðist 232.000 kr. Fjöldi framlaga var 99 þannig að enn og aftur sannast það að margt smátt gerir eitt stórt.

Við í stjórninni erum alveg í skýjunum yfir þessu frábæra fólki. Bæði hlaupurum sem hafa kraft og getu til að leggja þetta á sig og einnig þeim þeim fjölmörgu einstaklingum sem styrktu hlauparana.

Innilegt þakklæti til allra sem hlupu og styrktu:



TAKK FYRIR !!

Afmælistímarit CCU með boðskorti á Grand Hótel þann 5. nóvember verður sent til félagsmanna í byrjun október



Ungliðar frá 15 löndum hittust í Tampere

SPAKMÆLI MÁNAÐARINS

Gallinn við flest okkar er ekki vanþekking, heldur það, að við vitum svo ótrúlega mikið um það sem engu máli skiptir.

Ókunnur höfundur